

Heimspeki 103 glósur

Garðaskóli

Haust 2009

kennari: Brynhildur Sigurðardóttir

1. Hluti

Inngangur að heimspeki: Undrun

27. ágúst- 18. september

Hvað er heimspeki?

- ??

Hvað er heimspeki?

**Heimspeki er
rannsókn á möguleikum**

Hvað er heimspeki?

- Viðfangsefni – 2500 ára saga:
 - að leita hins fagra, góða og sanna
- Vinnuaðferð:
 - notar spurningar markvisst til að leita sannleikans
 - efast um allt til að komast að því sem er öruggt
 - hugsun um hugsun: heimspeki er stöðugt að meta sjálfa sig
 - þjálfar rökleikni og gagnrýni
 - þjálfar samræðuhæfni
- Fræðigreinin sem skiptir sér af samfélaginu og hversdagslegum málefnum

Helstu svið heimspekinnar

- **Frumspekin**
 - spyr „hvað er?” og „hvað er raunverulegt?”
- **Þekkingarfræðin**
 - spyr „hvað er þekking?” og „hvernig veit ég eitthvað?”
- **Rökfræðin**
 - segir til um hvað er góð hugsun og hvað ekki. Setur fram reglur um góða hugsun.
- **Siðfræðin**
 - spyr „hvað er rétt?” og „hvað er gott?”
- **Fagurfræðin**
 - spyr „hvað er fegurð?” og „hvað er mikilvægt?”

Hvað er heimspeki?


Heimspeki er glíma við grundvallarspurningar. Þeir sem fást við heimspeki reyna m.a. að skýra inntak og tengsl hugtaka og fyrirbæra á borð við *sannleik, merkingu og tilvísun, skilning, þekkingu, skoðun, vísindi, skýringu, lögmál, tegund, samsemd, eðli, eiginleika, orsök, rök, venzl, nauðsyn, möguleika, lög, rétt, rangt, gott, illt, hamingju, dygð, skyldu, athöfn, atburð, réttlæti, réttindi, frelsi, vináttu, ást, fegurð, list* og svona mætti lengi áfram telja. En heimspekin er ekki hvaða glíma sem er við þessar spurningar sem á okkur leita, heldur er hún fyrst og fremst tilraun til að fást við þessar spurningar af einurð og heilindum. Hún er ekki einber opinberun á einhverri skoðun, heldur er hún ætíð rökstudd, jafnvel þótt stundum séu rökin ósögð og undanskilin og þau verði að lesa á milli línanna.

Við þetta má bæta að heimspeki er ekki bara samansafn spurninga sem raunvísindin eiga eftir að svara, því oft veltur túlkun á niðurstöðum vísindanna beinlínis á heimspekilegri afstöðu sem liggur tilraunum og túlkun þeirra til grundvallar. Þess vegna geta vísindin einfaldlega ekki svarað öllum spurningum heimspekinnar án þess að gefa sér svörin. Á hinn bóginn mætti segja að heimspekin sé sjálf ákveðin grein eða ákveðinn þáttur vísindanna; hún hefur sjálf eitthvað fram að færa til heildarmyndar okkar af sjálfum okkur og heiminum, lífinu og tilverunni.

Heimild: http://www.hugi.is/heimspeki/bigboxes.php?box_id=58401, skráð af gthth. Sótt á vefinn 9. ágúst 2009.

Hvernig lærir maður heimspeki?

- Hvað gerir nemandinn?
- Hvað gerir kennarinn?



Hvernig lærir maður heimspeki?



- Spurningarnar skipta meira máli en svörin

HEIMSPEKI 103

- Þriggja eininga áfangi tekinn á tveimur önnum
- Metið í framhaldsskólum?
- Lestur
 - Heimspeki fyrir þig
 - Stutt brot úr verkum heimspekinga
- Verkefnavinna
 - Stutt ritgerð um heimspeking
 - Textagreiningar
 - Annað...
- Próf
- Samræða í tímum

Örstutt yfirlit um 2. kafla

Heimspekingar

- Pales: 624-546 f.kr.
 - Hann taldi verundina VATN.
- Heraklitos: 540-475 f.kr.
 - Allt er sífelldum breytingum háð
- Parmenídes: 510-450 f.kr.
 - Öll breyting er blekking skynjunarinnar
- Empedókles: 490-430 f.kr.
 - 4 frumefni
- Demókrítos: 460-370 f.kr.
 - Efni samsett úr frum-eindum
- Platón: 427-347 f.kr.
 - Munurinn á ER og ER EITTHVAÐ
 - Frummyndakenningin
- Aristóteles: 384-322 f.kr.
 - 4 tegundir orsaka allra hluta: efnisorsök, formsorsök, verknaðarorsök og tilgangsorsök

Hugtök

- heimspeki
- metafysika: frumspeki (á eftir eðlisfræði)
 - Fjallar um undirstöðuatriði
 - „Hvað er?“
- verund:
 - það sem *er*
- efni – hvert er eðli þess?
 - frumefni
- samsemd
- varanleiki og breyting

Spurningar úr 2. kafla

- Hvenær byrja menn að stunda heimspeki og af hverju samkvæmt Aristótelesi? Telur þú að þetta eigi við í dag eins og á hans tímum?
- Hvað er heimspeki?
- Hvað er frumspeki?
- Er allt úr engu? Eða er allt úr öllu?
- Hvað er verund?
- Er til eitthvað varanlegt efni sem allt er gert úr og er þannig undirstaða allra hluta?
- Hvernig var Þales viss um að frumnáttúran væri bara vatn? Af hverju ekki eldur eða loft eða vindur?
 - Hvernig getur eitthvað byggt á vatni ef vatn byggir á öllu öðru?
 - Af hverju heldur Þales að heimurinn sé vatn? Er vatn frumnáttúran?
- Hver er munurinn á sjónarmiðum Heraklítosar og Parmenídesar? Hver er helsti galli á hvorri kenningu fyrir sig?
- Hver er munurinn á sjónarmiðum Empedóklesr og Demókrítosar? Hvernig leystu þeir togstreituna milli Heraklítosar og Parmenídesar?
- Hver eru lögmál Aristótelesar um orsakir?

Fyrstu vestrænu heimspekingarnir

- Forverar Sókratesar (Grikkland, fyrir 400 f.kr.)
- Náttúruspekingarnir

- Vildu skilja eðli heimsins
 - Hvað er óbreytanlegt og stöðugt?
 - „Hver er undirstaða alls sem ER?“
 - „Hvert er frumefni alls annars efnis?“
 - Breytingar – hvert er eðli breytinga?

Hvað er óbreytanlegt og stöðugt?

- **PALES:**

- Engin varðveitt verk
 - Einingin – Það sem ekki breytist
 - Vatn = undirstaða (arkhê)
 - Fjallar lítið um hvernig vatn breytist úr einni mynd í aðra
-
- Spurningin um undirstöðu alls sem er verður annað meginþema grískrar heimspeki
 - Breyting verður hitt meginþemað

Hvað er óbreytanlegt og stöðugt?

- Anaxímandros
 - Uppsprettan = hið óafmarkaða – ómæli (apeiron)

- Anaxímenes
 - Uppsprettan = loft
 - Kom fram með hugmyndir um frumefnin
 - Jörð, vatn, loft, eldur

Hvað hreyfist og breytist?

- HERAKLÍTOS:

- „Þú stígur aldrei tvisvar í sömu ána“
- Allt í efnisheiminum er síbreytilegt
 - Breytingin lýtur eilífu lögmáli (*logos*)
 - Lögmálið felur í sér víxlverkun andstæðna
 - Hinir andstæðu kraftar mynda samræmi („leiðin upp og leiðin niður er sama leiðin“)
- Niðurstaða: Undirstaðan ekki efnisleg, heldur lögmálið (*logos*)

Hvað hreyfist og breytist?

- **PARMENÍDES:**

- (i) Hið verandi er – óvera er ekki
- (ii) Það sem er verður hugsað – það sem er ekki verður ekki hugsað
- (iii) Breyting: það sem er hverfur, það sem er ekki verður
- Niðurstaða: **Breytingar eru blekkingar skynjunarinnar**

- Gerir greinarmun:
 - Skynsemi=Hið raunverulega=Kýrstaða=Eining
- vs
- Skynjun=Hið óraunverulega=Breyting=Margbreytileiki

Lausnir á togstreitu Heraklítosar og Parmenídesar

- Empedókles: til eru 4 frumefni – loft, vatn, jörð og eldur
 - Tveir frumkraftar breyta efninu
 - Sundrandi (hatur)
 - Sameinandi (ást)
- Demókrítos: allt er sett saman úr atómum (eindakening):
 - Aðeins til ein tegund hluta, örsmáar ódeilanlegar eindir (*a-tomos* = ó-deili)
 - Tómarúm er til
 - Eindirnar svífa um í tómarúmi og eru vélgengar (þ.e. ganga alltaf eins)
 - Árekstrar verða í tómarúminu og valda því að „klasar“ einda hanga saman
 - Eindirnar eru ólíkar að stærð og lögum
- Platón – „að vera“ hefur tvær merkingar:
 - Að vera til (að hafa tilvist)
 - Að vera eitthvað (að hafa eiginleika)
- Þessi ábending hjálpar okkur að skilja gallann í kenningu Parmenídesar

Aristóteles fjallar um breytingar

- Heimsmynd Aristótelesar gerir breytingar að nauðsynlegum hluta af þeim lögmálum sem ráða veröldinni
 - Breytingar eru ekki óskiljanlegar heldur lúta lögmálum
- Allir hlutir hafa 4 tegundir orsaka sem skýra þær breytingar sem hlutur getur orðið fyrir:
 - Efnisorsök: efnið sem hluturinn er gerður úr
 - Formsorsök: formið (útlitið) sem hluturinn getur tekið á sig
 - Verknaðarorsök: þau öfl sama hafa áhrif á hlutinn og láta hann breytast
 - Tilgangsorsök: endanlegur tilgangur hlutarins, það sem hluturinn stefnir að í allri tilveru sinni

4 orsakir

- Efnisorsök
- Formsorsök
- Verknaðarorsök
- Tilgangrsorsök